

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar
Linnetsstígur 3
220 Hafnarfjörður

Sími 585 5500
Netfang: erlar@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is



Umsókn um

Setjið „X“ í viðeigandi reiti eftir því hvaða deild er sótt um.¹

- Sérdeild Lækjarskóla fyrir nemendur með þroskaraskanir (1.-10. bekk)
- Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla fyrir nemendur með fjölþættan vanda (5.-10. bekk)
- Sérdeild Öldutúnsskóla fyrir nemendur með alvarlega námserfiðleika/væga þroskaröskun (8.-10. bekk)
- Sérdeild Setbergsskóla fyrir nemendur á einhverfurófi (1.-10. bekk)

Fyrir barnið:

skólaárið 20 -20

Umsókn er hægt að skila í viðkomandi skóla eða á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar. Umsókn skal unnin í samráði við núverandi leik- eða grunnskóla barns.

Viðmið um umsóknarfrest er 1. apríl ár hvert fyrir komandi skólaár en í reynd má sækja um allt árið um kring.

¹ Sjá nánari upplýsingar um sérdeildirnar aftast í þessu formi (viðauki).



Persónuupplýsingar

Nafn	
<input type="checkbox"/> Drengur <input type="checkbox"/> Stúlka <input type="checkbox"/> Annað	Kennitala
Lögheimili	Póstfang staður:
Hvar býr barnið?	Póstfang staður
Foreldri 1	Foreldri 2
Kennitala	Kennitala
Heimilisfang	Heimilisfang
Sími GSM	Sími GSM
Netfang	Netfang

Fjölskylduaðstæður

Forsjá barns: Sameiginleg forsjá Forsjá hjá foreldri 1 Forsjá hjá foreldri 2
 Forsjá hjá öðrum, þá hverjum:

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar, t.d. um fóstur, búsetu, forsjármál:

Núverandi skóli

Skóli	Bekkur	Tengiliður skóla Netfang
Leikskóli	Deild	Tengiliður leikskóla Netfang

Ef „annar skóli“ er valinn hér ofar, hver:



Hvers vegna er sótt um sérdeild?

Vinsamlegast gefið upp ástæður og röksemdir fyrir því að sótt er um í sérdeild.

Lýsing á styrkleikum barns og verndandi þáttum

Fjölskylda, félagslegt umhverfi, tómstundir og aðrir þættir eftir því sem við á.



Gögn sem eiga að fylgja umsókn eru eftirfarandi:

- Greinargerð frá núverandi leik- eða grunnskóla. Þar komi fram upplýsingar um styrkleika og áhugamál nemanda, náms- og félagslega stöðu miðað við jafnaldra, líðan í skóla og umsögn um hegðun og stuðning umfram jafnaldra.
- Greiningargögn frá sérfræðingum svo sem fötlunargreining og SIS-C mat á stuðningsþörf ef það er til staðar.
- Upplýsingar frá öðrum þjónustustofunum sem komið hafa að barni ef við á, svo sem BUGL, Greiningar og ráðgafastöð ríkisins, Þroska- og hegðunarstöð, Félagsþjónusta.
- Eyðublað B – ef málefni barns hafa verið í brúarteymi heimaskóla.
- Annað sem við á.

Séu upplýsingar ófullnægjandi getur það leitt til þess að beiðni verði vísað til baka áður en til afgreiðslu hennar kemur. Séu gögn ekki til á rafrænu formi má koma þeim í þjónustuver í lokuðu umslagi merktu Erla Björg Rúnarsdóttir, kennslufultrúi grunnskóla Hafnarfjarðar.

Athugið!

Þar sem um rafræna umsókn er að ræða án undirskriftar er nauðsynlegt að rafrænt samþykki komi frá öllum forsjáraðilum barns. Sá sem fyllir út umsóknina og sendir á móttakanda hefur aðra forsjáraðila með í póstinum, þeir senda svo sitt rafræna samþykki til baka á móttakanda.

Hafnarfirði / 20

Sendandi umsóknar

Umsókn er móttekin þann . . 20 .

Staðfesting skóla/ skrifstofa mennta – og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Afgreiðsla inntökuteymis:

Inntökufundur þann . . 20 .

Umsókn samþykkt Umsókn hafnað



VIÐAUKI

Reglur um inntöku nemenda í sérúrræði

Inntaka nemenda í sérúrræði er ákveðin af inntökuteymi og skal að öllu jöfnu gerast fyrir 1. maí fyrir næsta skólaár á eftir. Þó er hægt að taka inn nemendur í sérúrræði allt skólaárið ef inntökuteymi metur svo. Inntökuteymi skipa skólastjóri grunnskóla viðkomandi sérúrræðis, deildarstjóri sérúrræðis og kennslufulltrúi grunnskóla á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar og skal vera samröma álit allra aðila ef veita á nemanda inngöngu í úrræðið. Inntökuteymi hittist svo oft sem þurfa þykir. Kennslufulltrúi heldur utan um umsóknir og kallar nefndina saman en skólastjóri viðkomandi skóla er í forsvari inntökuteymi. Umsóknir um inngöngu í deildina skulu berast til kennslufulltrúa grunnskóla á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar. Umsókn er hægt að skila í viðkomandi skóla eða á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðum grunnskóla Hafnarfjarðar og skal unnið rafrænt.

Einkenni sérúrræða sem Hafnarfjörður starfrækir í dag

Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla: Fyrir nemendur í 5. - 10. bekk með fjölþættan vanda. Inntökuteymi fjölgreinadeildar tekur ákvarðanir gagnvart hverjum nemanda hvort honum hentar skammtíma – eða langtíma úrræði. Nemandi deildarinnar er skráður í sinn heimaskóla á meðan á námi í fjölgreinadeild stendur nema annað sé ákveðið. Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla er með aðsetur í Menntasetrinu við Lækinn en kennsla getur farið fram á fleiri stöðum. <https://www.hraunvallaskoli.is/>

Sérdeild Lækjarskóla: Fyrir nemendur með þroskaröskun frá 1.-10. bekk. <https://www.laekjarskoli.is/stodthjonusta/serdeild/>

Sérdeild Setbergsskóla: Fyrir nemendur á einhverfurófi í 1. – 10. bekk. Unnið skv. TEACCH hugmyndafræði. <https://www.setbergsskoli.is/stodkerfi/berg---namsver-fyrir-einhverfa/>

Sérdeild Öldutúnsskóla: Fyrir nemendur í 8.-10. bekk með alvarlega námserfiðleika og/eða með væga þroskaröskun. <https://www.öldutunsskoli.is/stodkerfi/namsver-og-serkennsla/serdeild/>

Athugið!

Umsókn varðveitist hjá inntökuteymi hvernig sem afgreiðsla mála fer. Inntökuteymi ber þagnarskyldu gagnvart upplýsingum sem berast með umsókn og er bundin trúnaði gagnvart umsækjanda. Sé gögnum ekki skilað á rafrænu formi skal þeim skilað í lokuðu umslagi til þjónustuvers merktu Erla Björg Rúnarsdóttir, kennslufulltrúi grunnskóla Hafnarfjarðar.

Þegar inntökuteymi hefur tekið afstöðu til umsóknar skal hún kynna foreldrum/forráðamönnum umsækjanda niðurstöðu sína ekki síðar en tveimur vikum eftir að ákvörðun er tekin. Niðurstöða er ávallt kynnt skriflega og er heimilt að gera slíkt í tölvupósti ef aðstandendur hafa gefið upp netfang í umsókn. Fylgigögnum umsóknar er skilað þegar umsókn er hafnað en óskað er eftir að halda þeim ef umsækjanda er veittur aðgangur að sérúrræði. Ef umsókn er hafnað og foreldri vill síðar sækja um inngöngu þarf að sækja um á nýju umsóknareyðublaði og senda öll gögn á ný eða hafa samráð við kennslufulltrúa grunnskóla.